



Ársskýrsla Fjölbrautaskóla Vesturlands 2014

1. Stærð skóla: Húsnæði, fjöldi starfsmanna og nemenda, brautskráðir nemendur

Húsnæðið sem skólinn starfar í er rúmlega 7.330 fermetrar auk rúmlega 1.250 fermetra heimavistar. (Sjá nánar um húsnæði skólans í rammanum hér að neðan til hægri.)

Kennarar voru 47 talsins á haustönn 2014 að skólameistara og aðstoðarskólameistara meðtöldum. Þessir 47 kennarar voru í samtals 41 stöðugildi. Af kennurunum voru 11 í hlutastarfi. Í fullu starfi voru 36, þar af var einn í námsorlofi.

Kennarahópurinn er nokkuð fullorðinn. Taflan sýnir skiptingu hópsins eftir aldri og kyni.

| Aldur í árum | Í fullu starfi | | Í hlutastarfi | |
|-----------------|----------------|-------|---------------|-------|
| | Karlar | Konur | Karlar | Konur |
| 20 - 29 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 30 - 39 | 0 | 1 | 2 | 2 |
| 40 - 49 | 3 | 4 | 0 | 2 |
| 50 - 59 | 7 | 11 | 0 | 2 |
| 60 - 69 | 8 | 2 | 2 | 1 |

Allir kennarar í fullu starfi voru með kennsluréttindi og menntun í kennslugreinum. Taflan sýnir yfirlit yfir formlega menntun þeirra.

| Menntun | Í fullu starfi | | Í hlutastarfi | |
|----------------|----------------|-------|---------------|-------|
| | Karlar | Konur | Karlar | Konur |
| MA/MS/PhD+UK | 6 | 8 | 1 | 5 |
| BA/BS+UK | 8 | 9 | 2 | 3 |
| Iðnmeistari+UK | 5 | 0 | 0 | 0 |

Starfsmenn aðrir en kennarar voru 23, þar af tveir í barneignaleyfi. Af þessum 23 starfsmönnum voru átta í fullu starfi og fimm til viðbótar í meira en hálfu starfi.

Ársmemendur samkvæmt fjárlögum fyrir 2013 og 2014 eru 485. Á árinu 2014 skilaði skólinn 480 ársnemendum.

Húsnæði Fjölbrautaskóla Vesturlands

Aðalbygging skólans við Vogabraut 5

| | | |
|---------------------------|-----------------|----------------------|
| Kennslustofur | 2.189,43 | m ² |
| Trésmíðaverkstæði | 440,20 | m ² |
| Skrifstofur, kennarastofa | 635,99 | m ² |
| Salur | 449,70 | m ² |
| Mötuneyti | 106,45 | m ² |
| Bókasafn | 237,73 | m ² |
| Tölvuver hjá bókasafni | 84,60 | m ² |
| Þakrými, loftræstirými | 660,63 | m ² |
| Önnur svæði | 1.532,47 | m ² |
| Samtals | 6.337,20 | m² |

Málmiðnahús við Vogabraut 5

| | | |
|---------------------------|---------------|----------------------|
| Kennslustofur | 315,20 | m ² |
| Málsmíða og vélaverkstæði | 487,54 | m ² |
| Önnur svæði | 189,24 | m ² |
| Samtals | 991,98 | m² |

Heimavistarhús við Vogabraut 4

| | | |
|------------------------|-----------------|----------------------|
| Íbúð vistarstjóra | 74,85 | m ² |
| Herbergi nemenda | 828,80 | m ² |
| Þakrými, loftræstirými | 122,55 | m ² |
| Önnur svæði | 227,90 | m ² |
| Samtals | 1.254,10 | m² |

Heildarstærð alls húsnæðis er 8.583,28 m²



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

Brautskráningarathöfn á vorönn 2014 var 24. maí. Þá voru 53 nemendur brautskráðir frá skólanum. Þar af höfðu 34 lokið stúdentsprófi, 1 lokið ársnámi sem skiptinemi, 13 lokið burtfararprófi af iðnbraut, 2 lokið burtfararprófi af starfsbraut, 1 lokið stúdentsprófi og burtfararprófi af sjúkraliðabraut og 2 bæði lokið stúdentsprófi og burtfararprófi af iðnbraut. Þann 3. júní voru 5 nemendur til viðbótar brautskráðir af almennri námsbraut.

Brautskráningarathöfn á haustönn 2014 var 20. desember. Þá voru brautskráðir 85 nemendur. Þar af höfðu 39 lokið stúdentsprófi og 19 lokið burtfararprófi af iðnbraut. 24 höfðu lokið burtfararprófi af sjúkraliðabraut, 2 lokið stúdentsprófi og burtfararprófi af sjúkraliðabraut og 1 lokið bæði stúdentsprófi og burtfararprófi af iðnbraut.

Á árinu 2014 voru alls 143 nemendur brautskráðir frá skólanum.

Um miðjan október 2014 voru 575 nemendur í skólanum og voru það fimm nemendum fleiri en voru í skólanum haustönn 2013. Þeir skiptust á brautir sem hér segir:

| | | |
|--|-----|------------------|
| Almenn braut - fornám | AF | 15 = 3% |
| Almenn braut - heilbrigðisnám | AH | 1 = 0% |
| Almenn braut - undirbúningsnám | AU | 30 = 5% |
| Almenn braut - viðskiptanám | AV | 2 = 0% |
| Almennt nám alls | | 48 = 8% |
| Félagsfræðabraut | FÉ | 148 = 26% |
| Málabraut | MB | 20 = 3% |
| Náttúrufræðibraut | NÁ | 116 = 20% |
| Viðbótarnám til stúdentsprófs | VSS | 9 = 2% |
| Stúdentsnám alls | | 293 = 51% |
| Grunnnám rafiðna | GR | 37 = 7% |
| Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina | GBM | 13 = 2% |
| Námsbraut í rafvirkjun | RK8 | 12 = 2% |
| Almennt tækninám | AT | 13 = 2% |
| Námsbraut í húsasmíði | HÚ8 | 26 = 5% |
| Grunnnám málmíðna | MG | 48 = 8% |
| Námsbraut vélavirkjun | VS8 | 11 = 2% |
| Iðnnám alls | | 160 = 28% |
| Starfsbraut | ST4 | 17 = 3% |
| Starfsbraut alls | | 17 = 3% |
| Sjúkraliðabraut | SJ | 32 = 5% |
| Viðskiptabraut | VI | 4 = 1% |
| Ótilgreint nám | ÓTN | 21 = 4% |
| Aðrar brautir alls | | 57 = 10% |

Í hópi nemenda á haustönn 2014 voru karlar/piltar 341 en konur/stúlkur 234. Tæp 80% nemenda voru frá Akranesi og úr Hvalfjarðarsveit og rúm 20% annars staðar að. Töflurnar sýna hvernig nemendur skiptust eftir búsetu og aldri bæði á vorönn og haustönn 2014.



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

| Lögheimili | Vorönn 2014 | Haustönn 2014 |
|----------------------------|----------------|------------------|
| Akranes | 69% | 73% |
| Hvalfjarðarsveit | 6% | 5% |
| Borgarbyggð | 10% | 11% |
| Aðrir staðir á Vesturlandi | 4% | 4% |
| Utan Vesturlands | 11% | 7% |

| Fæðingarár | Vorönn 2014 | Haustönn 2014 |
|-------------|----------------|------------------|
| 1998 | | 19% |
| 1997 | 21% | 18% |
| 1996 | 19% | 16% |
| 1995 | 19% | 15% |
| 1994 | 11% | 5% |
| Fyrir 1994 | 30% | 26% |
| Grsk. nemar | | 1% |

2. Námsframboð á árinu 2014

Almennt nám: Almenn braut - fornám (AF), Almenn braut - heilbrigðisnám (AH), Almenn braut - undirbúningsnám (AU), Almenn braut - viðskiptanám (AV).

Nám til stúdentsprófs: Félagsfræðabraut (FÉ), Málabraut (MB), Náttúrufræðibraut (NÁ), Viðskipta- og hagfræðibraut (VH), Viðbótarnám til stúdentsprófs (VSS).

Iðnnám: Grunnám rafiðna (GR), Námsbraut í rafvirkjun (RK8), Almenn tækninám (AT), Grunnám bygginga- og mannvirkjagreina (GBM), Námsbraut í húsasmíði (HÚ8), Grunnám málmiðna (MG), Námsbraut í vélvirkjun (VS8).

Starfstengt nám annað en iðnnám: Sjúkraliðabraut (SJ), Viðskiptabraut (VI).

Nám fyrir fatlaða: Starfsbraut (ST4).

Nám fyrir þá sem ekki ætla að ljúka námsbraut við skólann: Ótilgreint nám (ÓTN).

Í kafla eitt kemur fram hvernig nemendur skiptust á námsbrautir. Námsframboð á árinu 2014 var miðað við ungt fólk sem mætir í skóla á dagvinnutíma nema á sjúkraliðabraut þar sem kennsla var sniðin að þörfum fullorðinna sem stunduðu nám með vinnu. Á málmiðnabrautum (MG og VS8) og í húsasmíði (GBM, HÚ8) var bæði boðið upp á kennslu á dagvinnutíma og utan hans fyrir fullorðna nemendur sem stunda nám með vinnu.



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

3. Framkvæmd markmiða

Á árinu 2014 var unnið eftir skólasamningi sem skólameistari Fjölbrautaskóla Vesturlands og mennta- og menningarmálaráðherra undirrituðu 13. febrúar 2013. Í þeim skólasamningi voru sett markmið fyrir árin 2013 og 2014. Hér á eftir eru þessi markmið talin upp (skáletruð) og gerð grein fyrir að hve miklu leyti þau hafa náðst miðað við árslok 2014.

1. Byggja upp tengsl við fyrirtæki og sveitarstjórnir á svæði skólans og stofnanir innan þeirra

- a) *Mynda í samvinnu við sveitarstjórnir samráðsvettvang við iðnfyrirtæki á svæðinu og formgera hann á árinu 2013. Það voru viðræður á árinu 2013 við sveitarstjórnir svæða en því miður hefur þetta markmið ekki náðst. Það má að einhverju leyti rekja til þess að þeir starfsmenn Akraneskaupstaðar sem héldu utan um þetta tiltekna verkefni létu af störfum.*
- b) *Taka þátt í viðbótar- og endurmenntun starfsmanna í fyrirtækjum og stofnunum á svæði skólans. Slíkt framboð menntunar verði ákveðið í upphafi hverrar annar frá haustönn 2013. Skólinn er ennþá þátttakandi í starfsemi Stóriðjuskóla Norðurlands og hefur verið frá 2012. Námsframboð og kennslufyrirkomulag er ljóst við upphaf hverrar annar. Fyrirkomulagið hefur ekki ennþá verið yfirfært í önnur fyrirtæki á svæði skólans en verður vonandi í framtíðinni. Skólinn er ennþá þátttakandi í samráðsvettvangi og verkefnastjórn vegna *Tilraunaverkefnis um hækkað menntunarstig í Norðvesturkjördæmi*. Á haustönn 2014 var boðið upp á kennslu í vökvatækni en undirbúningsvinna hafði staðið yfir annirnar á undan.*
- c) *Tengja kennslu í a.m.k. þrem áföngum á skólaárinu 2013 til 2014 við starf Fab–Lab. Ennþá hefur þetta markmið ekki gengið eftir. Nokkrar ástæður liggja að baki, svo sem samdráttur kennslu valgreina vegna skorts á fjármagni, nokkurt ójafnvægi hefur verið á umsjón Fab–Lab. Ennþá er unnið að því að ná þessu markmiði. Verið er að vinna að því að umsjón Fab–Lab smiðjunnar færist yfir á skólann. Á haustönn 2015 er stefnt er að því að bjóða upp á valáfanga þar sem áherslan verður á sköpun nemenda og tengja það vinnu í Fab–Lab smiðjunni.*
- d) *Bjóða valfög í verkmenntagreinum fyrir nemendur í unglíngadeildum allra grunnskóla á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit frá haustönn 2013. Nemendur unglíngadeilda beggja grunnskólanna á Akranesi sóttu kennslu í verkmenntagreinum á árinu 2014. Val í verkmenntagreinum fyrir nemendur úr Hvalfjarðarsveit er ekki orðið að veruleika enda þótt þeim standi það boða. Það má ef til vill rekja til samgangna en þeir nemendur þyrftu að fá skólaakstur hingað á Akranes. Gert er ráð fyrir að þróa þetta samstarf áfram og skoða möguleika á að FVA bjóði upp á fjölbreyttara val fyrir grunnskólanemendur.*
- e) *Semja við Akraneskaupstað um samvinnu skólabókasafns FVA og bæjarbókasafns Akraness á árinu 2013. Undirritaður var samningur um samstarf milli Fjölbrautaskóla Vesturlands og Akraneskaupstaðar í maí 2013. Samningurinn felur í sér að skólinn nýti þjónustu bókasafnsfræðinga á bæjarbókasafni Akraness varðandi skráningu bóka í miðlægt bókasafnskerfi hjá Landskerfi bókasafna sem heitir Gegnir. Skólinn greiðir Akraneskaupstað gjald sem miðast við útselda vinnu starfsmanns með laun bókasafnsfræðings.*



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

f) *Stefnumótun um tengingu skólans við nærsamfélag sitt verður bætt við almenna stefnuskrá skólans í fyrsta hluta skólanámskrár á skólaárinu 2013-2014. Þetta er ekki búið að skrifa inn í skólanámskrána í árslok 2014 nema að hluta. Búið er að skrifa aðkomu skólans að Stóriðjuskólanum og námið í vökvatækni er einnig búið að rita í skólanámskrána.*

2. Þróa skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá frá 2011.

Í árslok 2014 voru drög að almennum hluta skólanámskrár tilbúin og í þeim drögum eru kaflar um tengingu við nærsamfélag, grunnþætti menntunar o.fl. Vinna að smíði þriggja ára stúdentsbrauta var í fullum gangi árið 2014 þótt þeim hafi ekki verið lokið í árslok. Það sama á við nýjar áfangalýsingar samkvæmt nýrri námskrá. Prepaskipting áfanga var langt komin. Gert er ráð fyrir að smíði nýrra brauta verði lokið um miðja vorönn 2015.

3. Endurskoða sjálfsmatskerfi skólans vegna innleiðingar nýrrar aðalnámskrár.

Vegna mikilla breytinga í yfirstjórn skólans á haustönn 2014 var ákveðið að bíða með frekari vinnu að þessum þætti fram á árið 2015. Þó hefur mat kennslu verið endurskoðað með hliðsjón af drögum að nýjum almennum hluta skólanámskrár en endurskoðuninni var ekki lokið í árslok 2014.

4. Bjóða stuðning í fámennum hópum fyrir nemendur af erlendum uppruna frá haustönn 2013.

Þetta markmið náðist. Á haustönn 2013 nutu 10 nemendur af erlendum uppruna stuðningskennslu, á vorönn 2014 voru nemendurnir fimm og á haustönn 2014 voru sjö nemendur sem nýttu sér þetta tilboð skólans. Námsárangur þessara nemenda varð betri en áður og mun betri en hjá nemendum af erlendum uppruna undanfarin ár. Þetta gefur tilefni til að ætla að stuðningurinn sem þeir fengu hafi skilað árangri og jafnvel skipt sköpum varðandi árangur þeirra í náminu.

4. Umbótaþættir eftir sjálfsmat

Mat á starfi skólans var unnið á árinu samkvæmt áætlun og voru eftirtaldir þættir skólastarfsins teknir til skoðunar:

- Könnun á hug nemenda til þjónustu skrifstofu, bóksafns, heimavistar, mótuneytis og tölvukerfis
- Kennsla hjá þriðjung kennarahópsins
- Samskipti á vinnustað – könnun á viðhorfum starfsfólks
- Námsárangur, skólasókn og nemendafjöldi
- Nýting á kennslu og brottfall
- Viðhorf útskriftarnema til skólagöngunnar

Könnun á hug nemenda til ýmissar þjónustu var lögð fyrir með sama hætti og gert var á vorönn 2011 og 2008. Helstu niðurstöður sýna að tölvunotkun nemenda innan skólans hefur minnkað



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

og þeir leita minna á bókasafnið en áður. Nemendum finnst þjónusta skrifstofu lakari nú en áður. Árið 2014 var einn starfsmaður á skrifstofu en áður voru tveir starfsmenn. Mikil og almenn ánægja er með mötuneytið og heimavistina.

Störf kennara í þremur deildum voru metin á vorönn 2014 og fóru viðkomandi kennarar í viðtal við starfandi skólameistara á haustönn 2014. Í þeim viðtölum voru viðbrögð á starfi einstakra kennara rædd við þá persónulega en ekki birt opinberlega.

Konur virðast eiga í betri samskiptum en karlar hvort heldur er við nemendur eða aðra kennara og starfsánægja þeirra er mun meiri en karla. Í þessari könnun kemur fram að mun fleira starfsfólk skólans er ánægt með skólann miðað við fyrri kannanir.

Námsframboð og skipulag kennslu á hverri önn tekur mið af niðurstöðum mats á námsárangri, nemendafjölda, nýtingu á kennslu og brottfalli. Mikilvægustu umbæturnar á síðasta ári voru í stuðningi við nemendur af erlendum uppruna, sjá 4. tölulíð í 3. kafla.

Lögð var fyrir útskriftarnema viðhorfskönnun eins og undanfarnar annir. Niðurstöður sýna ánægju útskriftanema með skólabraginn hér í FVA. Þeir hefðu getað verið virkari í félagslífi NFFA.

Á haustönn 2013 voru eftirfarandi atriði metin.

- Mat á stöðu, aðbúnaði, kennslu, námsmati og árangri í einstökum deildum og fögum. (Unnið eftir útgáfu sjálfsmatsskýrslu í september 2013).
- Mat á húsnæði og aðbúnaði/aðstöðu. (Unnið eftir útgáfu sjálfsmatsskýrslu í september 2013).

Enn hefur ekki verið brugðist við öllu sem fram kom í mati á seinni hluta haustannar 2013 þótt ýmislegt hafi verið gert. Í ljós kom að kennarar áttu í miklum vanda með að tengjast netinu inni í kennslustofum og var hafist handa við að bæta netsambandið þ.e. nýir sendar voru keyptir og settir upp á haustönn 2014. Ýmist smálegt var fært í betra horf t.d. sími tengdur í sérkennslustofu, settur upp læstur skápur með innstungum fyrir iPada, keypt sögu- og íslenskukort og aðrir hlutir sem kostuðu ekki miklar fjárhæðir. Leyfi fékkst til að breyta tveimur herbergjum í eina setustofu á heimavist skólans en þeirri vinnu var ekki lokið í árslok.

Heildarskýrslu um innra mat á starfi skólans var síðast skilað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins í september 2014. Skýrslan liggur frammi á vefnum http://www.fva.is/images/innramat/sjalfsmatsskyrsla_fva_2014.pdf



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

5. Úttektir

Ekki voru unnar neinar formlegar úttektir á starfi skólans á árinu 2014.

6. Afkoma, rekstrarstaða

Þrátt fyrir ýtrasta aðhald var halli á rekstri skólans innan ársins 2014. Heildarupphæð greiddra launa á árinu var um 24 milljónum meiri en árið 2013 og jafnframt um 21 milljón umfram áætlun. Sértekjur stóðu í stað frá fyrra ári.

Aðrir liðir en laun voru um 5 milljónir yfir áætlun þannig að samanlagt er heildarniðurstaðan um 26 milljónum frá rekstraráætlun.

Meðal skýringa á auknum launakostnaði eru launahækkarnir samkvæmt nýjum kjarasamningi kennara sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun. Einnig urðu veikindi nokkurra kennara til þess að auka launakostnað. Keyptir voru þráðlausir netsendar vegna tölvusambands. Auk þess þurfti að endurnýja ýmsan tölvubúnað.

Framlag ríkissjóðs til skólans var alls um 496,93 milljónir. Sértekjur og aðrar rekstrartekjur skólans voru alls um 46,6 milljónir. Heildartekjur skólans á árinu voru því um $496,93 + 46,6 = 543,53$ milljónir.

Nánari greinargerð fyrir afkomu skólans á árinu 2014 er í fylgiskjali 1.

7. Brottfall og námsárangur

Brottfall á vorönn 2014 var 6,0% eininga (og 6,3% einingaígilda) sem er svipað og betra en vorið 2013 þegar það var 6,6% og vorið 2012 þegar það var 7,9%. Á vorönn 2014 voru nemendur að meðaltali skráðir í 16,1 einingar og náðu að meðaltali að ljúka 13,8 einingum með fullnægjandi árangri. Meðaleinkunn í skólanum var 6,3.


Brottfall á haustönn 2014 var 4,4% eininga (og 4,5% einingaígilda) sem er svipað og á haustönn 2013 þegar það var 4,6% og betra en haustið 2012 þegar það var 8,4%. Á haustönn 2014 voru nemendur að meðaltali skráðir í 15,2 einingar og náðu að meðaltali að ljúka 13 einingum með fullnægjandi árangri. Meðaleinkunn í skólanum var 6,9.



8. Stjórnun

Að yfirstjórn skólans koma, auk skólameistara, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og fjármálastjóri. Einnig gegna tíu kennarar stöðum deildarstjóra og hafa umsjón með faglegu samráði í grein eða greinaflokki.

Skipurit Fjölbrautaskóla Vesturlands



Skólanefnd Fjölbrautaskóla Vesturlands hélt fundi tvisvar sinnum á árinu 2014 (4. mars og 2. september). Fundargerðir skólanefndar liggja frammi á vef skólans á síðunni http://www.fva.is/index.php?option=com_content&view=article&id=404&Itemid=523.

Þann 30. apríl 2013 var skipuð ný skólanefnd til fjögurra ára sem hér segir:

- Aðalmenn án tilnefningar eru: Dagbjört Guðmundsdóttir formaður, Reynir Þór Eyvindsson og Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir.
- Aðalmenn tilnefndir af fulltrúaráði Fjölbrautaskóla Vesturlands fyrir hönd sveitarfélaga eru: Helena Guttormsdóttir og Hjördís Hjartardóttir.
- Varamenn án tilnefningar eru: Hjördís Garðarsdóttir, Sigríður Víðis Jónsdóttir og Viktor Elvar Viktorsson.
- Varamenn tilnefndir af fulltrúaráði Fjölbrautaskóla Vesturlands fyrir hönd sveitarfélaga eru: Anna María Þórðardóttir og Þórdís Þórisdóttir.

9. Samvinna við aðrar stofnanir

Á haustönn 2013 gerðist skólinn aðili að Fjarmentaskólanum sem er samstarfsvettvangur tólf framhaldsskóla utan Reykjavíkursvæðisins.

Skólinn hefur samstarf og samráð við Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Suðurnesja meðal annars við gerð skólanámskrár.

Skólinn er aðili að Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi og á fulltrúa í stjórn hennar. Hann hefur samráð og samstarf við Símenntunarmiðstöðina um ýmislegt sem lýtur að fullorðinsfræðslu. Stærstu samvinnuverkefni á síðasta ári voru við Stóriðjuskóla Norðurlands.



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

Skólinn hefur ýmislegt samstarf og samráð við grunnskóla á Akranesi og í Hvalfjarðasveit og býður upp á kennslu í verklegum greinum fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla.

Fjölbrautaskóli Vesturlands tók þátt í einu verkefni á vegum ERAMUS+ þar sem tveir kennarar á vegum skólans sóttu námskeið á Kýpur í notkun upplýsingatækni í skólastarfi (Webtools).

10. Sérstakar áherslur og markmið skólans

Skólinn leggur áherslu á að koma til móts við þarfir allra íbúa svæðisins fyrir menntun á framhaldsskólastigi með því að bjóða fjölbreytt nám á mörgum brautum, sem hæfir nemendum með misjafna getu, margvísleg áhugamál og ólíkar þarfir.

Í drögum að almennum hluta skólanámskrár sem kom út í júní 2014 eru skólanum sett þrjú meginmarkmið sem síðan eru útfærð nánar m.a. með vísun í sex grunnþætti menntunar samkvæmt aðalnámskrá frá 2011. Þessi þrjú meginmarkmið eru að:

- *Veita öllum nemendum góða menntun sem felur í sér þekkingu, leikni og hæfni í einstökum greinum, víðsýni og gagnrýna hugsun, ábyrgð og sanngirni, vandvirkni og góð vinnubrögð.*
- *Vera umhyggjusamur um velferð nemenda og stuðla að heilbrigðum lífsháttum.*
- *Bera virðingu fyrir hverjum einstaklingi og koma fram við alla í anda jafnréttis og lýðræðis.*

Fylgiskjöl

1. Rekstraryfirlit fyrir árið 2014.
2. Annáll vorannar 2014.
3. Annáll haustannar 2014.
4. Prófill haustannar 2014.

Akranesi 24. febrúar 2015

Ágústa Elín Ingbórsdóttir
skólameistari

Hafdís Fjóra Ásgeirsdóttir
aðstoðarskólameistari



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

Fylgiskjal 1 með ársskýrslu Fjölbrautaskóla Vesturlands 2014: Rekstraryfirlit fyrir árið 2014

| | 2014 Áætlun | 2014 spá um rauntölur | 2013 Rauntölur | 2012 Rauntölur |
|--|---------------------|--------------------------|---------------------|---------------------|
| Dagvinna | 253.576.351 | 260.872.893 | 253.820.468 | 249.066.515 |
| Vaktaálag | 2.522.034 | 2.093.473 | 2.104.779 | 1.776.614 |
| Aukagreiðslur | 1.081.816 | 5.418.656 | 1.131.790 | 1.635.653 |
| Yfirvinna | 67.969.009 | 73.009.203 | 64.305.787 | 58.185.749 |
| Launatengd gjöld | 78.568.018 | 83.369.413 | 78.896.511 | 76.865.345 |
| Samtals | 403.717.228 | 424.763.638 | 400.259.335 | 387.529.876 |
| Fundur, námskeið og risna | 898.783 | 893.231 | 1.409.136 | 587.473 |
| Ferða og dvalarkostnaður innanlands | 239.541 | 255.540 | 232.564 | 263.620 |
| Ferða og dvalarkostnaður erlendis | 0 | 924.782 | 1.612.516 | 5.603.918 |
| Akstur | 780.244 | 1.463.426 | 1.235.878 | 2.079.953 |
| Samtals | 1.921.120 | 3.536.979 | 4.490.094 | 8.534.964 |
| Tímarit, blöð og bækur | 780.244 | 690.831 | 766.538 | 1.470.451 |
| Skrifstofuvörur og áhöld | 3.965.343 | 5.379.808 | 3.849.847 | 2.427.308 |
| Aðrar vörur | 10.989.273 | 11.751.451 | 11.553.415 | 8.873.597 |
| Samtals | 15.734.860 | 17.822.090 | 16.169.800 | 12.771.356 |
| Önnur sérfræðiþjónusta | 5.498.521 | 3.850.924 | 4.818.112 | 3.207.309 |
| Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta | 1.836.871 | 1.855.311 | 1.783.370 | 1.740.946 |
| Prentun, póstur, auglýsingar, flutningar | 1.513.940 | 1.857.209 | 1.469.845 | 1.731.957 |
| Sími og ýmis leigugjöld | 2.798.066 | 2.972.648 | 2.716.568 | 3.087.618 |
| Samtals | 11.647.398 | 10.536.092 | 10.787.895 | 9.767.830 |
| Verkkaup og byggingavörur | 490.751 | 1.802.462 | 476.457 | 949.901 |
| Rafmagn og heitt vatn | 9.031.990 | 7.809.505 | 8.768.923 | 8.294.457 |
| Húsaleiga og aðkeypt ræsting | 75.720.548 | 75.778.581 | 73.515.096 | 70.941.500 |
| Samtals | 85.243.289 | 85.390.548 | 82.760.476 | 80.185.858 |
| Brennsluefni og olíur | 0 | 0 | 0 | 19.746 |
| Verkstæði og varahlutir | 281.412 | 371.810 | 273.215 | 0 |
| Samtals | 281.412 | 371.810 | 273.215 | 19.746 |
| Vextir, bætur, skattar | 279.662 | 195.773 | 481.063 | 162.915 |
| Eignakaup | 3.028.567 | 5.009.231 | 2.685.323 | 5.617.881 |
| Samtals | 3.308.229 | 5.205.004 | 3.166.386 | 5.780.796 |
| Útgjöld alls | 521.853.536 | 547.626.161 | 517.907.201 | 504.590.426 |
| Sértekjur | -44.469.640 | -40.460.344 | -40.324.054 | -43.965.178 |
| Aðrar rekstrartekjur | -6.200.000 | -6.232.500 | -8.109.119 | -7.178.000 |
| Framlag ríkissjóðs | -475.317.641 | -496.933.193 | -468.245.018 | -448.879.002 |
| Tekjur alls | -525.987.281 | -543.626.037 | -516.678.191 | -500.022.180 |
| Mismunur á útgjöldum og tekjum | -4.133.745 | 4.000.124 | 1.229.010 | 4.568.246 |



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

Fylgiskjal 2 með ársskýrslu Fjölbrautaskóla Vesturlands 2014:

Annáll vorannar 2014

Kennsla á vorönn 2014 hófst mánudaginn 7. janúar. Kennslu lauk miðvikudaginn 7. maí og síðustu próf voru 20. maí. Önninni lýkur svo þegar skólameistari slítur þessari samkomu og þeir 53 nemendur sem nú útskrifast hafa fengið skírteini sín afhent.

Í febrúar voru nemendur Fjölbrautaskólans 520 talsins en í fyrra voru þeir 541. Nemendum hefur því fækkað lítillega eftir að þeim hafði fjölgað annirnar á undan.

Eldri nemendur eru rúm 30% nemenda skólans eins og undanfarnar annir, stór hluti þeirra í svokölluðu dreifnámi. Dreifnámsnemendur eru í fjarnámi en mæta í skólann nokkrum sinnum á önninni, gjarnan á kvöldin og um helgar. Þannig getur fólk sótt skóla en jafnframt stundað vinnu. Dreifnámið hefur einnig gert fólk sem býr utan Akraness mögulegt að ljúka námi þó það sé komið yfir hefðbundinn skólaaldur og sé í fullri vinnu í sinni heimabyggð. Þetta fullorðna fólk vill mæta í tíma í skólanum til að hitta kennara sinn og aðra nemendur. Það segir gjarnan að það sé ekki nóg að vera í tölvusambandi við kennarann, nauðsynlegt sé að geta hitt hann a.m.k. nokkrum sinnum á önninni. Reynslan sýnir líka að nemendur sem einungis eru skráðir í fjarnám flosna frekar úr námi en þeir sem sækja tíma. Boðið hefur verið uppá dreifnám á sjúkraliðabraut, í húsasmíði og í vélvirkjun. Næsta haust verður einnig boðið uppá pípulagnir í samvinnu við lðnskólann í Hafnarfirði svo og meistaranám.

Fjöldi nemenda 16 til 20 ára er svipaður og verið hefur. Karlar eru 60% nemenda en konur 40%. Ívið fleiri konur en karlar eru í stúdentsnámi en hins vegar eru 97% iðnnema karlar.

Á önninni hættu 24 nemendur og til viðbótar skráðu allmargir sig úr áföngum. Þetta þýðir að brottfall á önninni var um 6% sem er heldur undir meðallagi í Fjölbrautaskóla Vesturlands og töluvert minna en í öðrum framhaldsskólum.

Nú í lok vorannar Hjördís Árnadóttir námsráðgjafi og lífsleiknikennari af störfum og eru henni færðar þakkir fyrir störf sín við skólann. Margrét Þóra Jónsdóttir kom til starfa úr barneignaleyfi í lok annarinnar. Ólöf Samúelsdóttir kennari og námsráðgjafi var í veikindaleyfi á seinni hluta annarinnar. Fyrir hana kenndu Birna Björk Sigurgeirsdóttir, Berglind Ósk Pétursdóttir og Jónína Víglundsdóttir. Jens Baldursson aðstoðarskólameistari verður í leyfi á næsta skólaári. Hafdís Fjóla Ásgeirsdóttir verður aðstoðarskólameistari í hans stað. Flemming Madsen kennari í rafiðnum verður í leyfi á næstu haustönn og Marta Dögg Pálmadóttir kennari á starfsbraut verða í leyfi.

Í upphafi annarinnar benti allt til þess að skólastarfið yrði með svipuðu sniði og verið hefur undanfarnar vorannir. Svo fór þó ekki því mánudaginn 17. mars hófst verkfall kennara. Nemendum bauðst að nýta sér aðstöðuna í skólanum og læra í verkfallinu en lítið var um slíkt og er mér sagt að hér í skólanum hafi verið heldur dauflegt um að litast þessa verkfallsdaga. Verkfallið stóð í þrjár vikur en því lauk föstudaginn 4. apríl. Að verkfallinu loknu var samið um lengingu skólaársins en þó þannig að útskrifað er í dag eins og áætlað var í upphafi annarinnar. Klipið var af páskafríinu og prófadagar voru færðir til og þeim fækkað. Svo virðist sem fáir nemendur hafi hætt vegna verkfallsins og námsárangur virðist ekki vera eins slakur og stundum áður í kennaraverkföllum. Kannski er ástæðan sú, að þetta verkfall var ekki eins langt og sum fyrri verkföll.



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

Í lok verkfallsins var ekki aðeins samið um laun kennara heldur lögðu kennarar áherslu á að fjárhagur skólanna yrði bættur. Vonandi leiða samningarnir til þess að fjárhagur Fjölbrautaskóla Vesturlands batni en framlög til hans hafa verið alls óviðunandi undanfarinn rúman áratug. Brýn þörf er á endurnýjun á mörgum sviðum en allt slíkt hefur setið á hakanum í langan tíma. Þess má geta að kennarar pólsks iðnskóla heimsóttu okkur í apríl. Þeir skoðuðu skólann og fylgdust með skólustarfinu. Þeim varð starsýnt á tækjabúnaðinn í málmiðnadeildinni og sögðu að rennibekkir eins og okkar væru löngu aflagðir í pólska skólanum. Þetta er umhugsunarefni fyrir okkur hér á Akranesi sem menntum iðnaðarmenn fyrir eitt helsta iðnaðarsvæði landsins.

Opnir dagar í mars gengu ágætlega sem og stærðfræðikeppnin fyrir grunnskóla.

Nemendur tíundu bekkja Brekkubæjarskóla, Grundaskóla og Heiðarskóla heimsóttu okkur í febrúar og fengu leiðsögn um skólann í fylgd nemenda fjölbrautaskólans. Kynningin tókst vel og eru nemendum okkar sem tóku þátt í þessu færðar þakkir fyrir þeirra framlag.

Skólalæping var haldið í fyrsta skiptið í febrúar. Þá var öllum nemendum skólans skipt í hópa sem áttu að svara spurningunni: hverju á að breyta í FVA á þessu ári og því næsta? Margar ábendingar komu fram og hafa sumar verið framkvæmdar eins og t.d. sú, að nemendur fái að vita fyrr um forföll kennara og þá í gegnum síma. Þá höfðu nemendur eðlilega mikinn áhuga á námsmati, mati á kennurum, félagslífinu o.fl.

Þó ekki sé hægt að verða við öllum ábendingum sem koma frá nemendum þá skapast tækifæri til að ræða við nemendur um skólann og hvað betur má fara og oftast en ekki kemur ýmislegt gott út úr slíkri umræðu. Stefnt er að því að halda slíkt skólalæping árlega.

Gettu betur lið skólans gerði það gott á önninni og komst í keppnina í sjónvarpinu þar sem þeir stóðu sig afskaplega vel. Leiklistarklúbburinn setti upp leikritið Gauragang og bar fólki saman um að það sú sýning hafi tekist vel enda naut hún vinsælda og var vel sótt.

Aðalstjórn nemendafélagsins nú á vorönn skipuðu Margrét Helga Isaksen formaður, Adda Malín Vilhjálmsdóttir, Almar Knörr Hjaltason, Bergþóra Ingþórsdóttir, Björn Þór Björnsson og Freyja Kristjana Bjarkadóttir.

Ný stjórn nemendafélagsins fyrir næsta skólaár var kosin í apríl. Formaður fyrir næsta skólaár var kjörinn Þorsteinn Bjarki Pétursson. Með honum í stjórn verða Bergþóra Ingþórsdóttir, Elínborg Egilsdóttir, Heiðmar Eyjólfsson og Sindri Snær Alfreðsson. Sjötti stjórnarmaður verður kjörinn úr hópi nýnema í ágúst.

Elmar Gísli Gíslason og Magnús Gunnarsson voru kosnir stjórnendur Viskuklúbbs, Þorri Línal Guðnason stjórnandi Ljósmyndaklúbbs, Heiðmar Eyjólfsson, Helgi Sigurðsson og Sindri Snær Alfreðsson stjórnendur Tónlistarklúbbs og stjórnendur Íþróttaklúbbs voru kosnar þær Adda Malín Vilhjálmsdóttir og Margrét Helga Isaksen en þær voru jafnframt kosnar stjórnendur GEY (Góðgerðafélagsins Eynis).

Læt ég nú lokið annál vorannar 2014 og óska ykkur sem útskrifist frá skólanum til hamingju með þann áfanga sem þið hafið nú náð. Þið megið vera stolt af því að hafa lokið námi við Fjölbrautaskóla Vesturlands og við sem hér störfum erum stolt af ykkur og því sem þið vinnið gott í framtíðinni.

Jens B. Baldursson



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

Fylgiskjal 3 með ársskýrslu Fjölbrautaskóla Vesturlands 2014:

Annáll haustannar 2014

Fjölbrautaskóli Vesturlands var settur föstudaginn 22. ágúst. Þá fengu nemendur afhentar stundaskrár. Regluleg kennsla hófst svo mánudaginn 25. ágúst. Síðasti kennsludagur á önninni var 2. desember. Önninni lýkur þegar skólameistari slítur þessari samkomu og þeir 85 nemendur sem nú ljúka námi hafa verið brautskráðir frá skólanum.

Í upphafi annar voru 586 nemendur skráðir í skólann. Þetta er svipaður fjöldi nemenda og á haustönn 2013. Fullorðnir nemendur er stór hluti okkar nemenda, 90 nemendur eða um 15% nemenda við skólann stunda svokallað dreifnám, það er þeir stunda nám utan hefðbundins dagvinnutíma. Þessir nemendur stunda nám á sjúkraliðabraut, í húsasmíði og í vélvirkjun. Í haust hófu 8 grunnskólanemendur nám í ENS103 eða STÆ103. Þetta er tilraunarverkefni þar sem ekki var um fjarnám að ræða heldur voru þessir áfangar kenndir á þeim tíma sem nemendur gátu mætt í stóran hluta kennslustunda.

Á önninni hættu 14 nemendur í skólanum. Auk þess hættu margir í áföngum meðal annars vegna mikilla fjarvista. Þetta brottfall var um 4,5 % sem er svipað og á síðustu haustönn. Þótt okkur þyki þetta of mikið er þetta frekar lítið samanborið við aðra framhaldsskóla.

Eftirfarandi breytingar urðu á starfslíði skólans á önninni: Atli Harðarson skólameistari lét af störfum í september á þessu ári. Jens B. Baldursson aðstoðarskólameistari er í námsleyfi skólaárið 2014 - 2015. Hafdís Fjóra Ásgeirsdóttir var ráðin aðstoðarskólameistari frá 1. ágúst síðastliðnum, hún var síðan settur skólameistari frá 15. september til 1. janúar. Starf skólameistara var auglýst til umsóknar í byrjun september en ekki hefur frést af ráðningu nýs skólameistara ennþá. Dröfn Viðarsdóttir var ráðin aðstoðarskólameistari til áramóta.

Flemming Madsen kennari í rafiðngreinum er í leyfi á haustönn 2014. Þorbjörg Ragnarsdóttir kennari í raungreinum kom úr námsorlofi í haust og Margrét Þóra Jónsdóttir líffræðikennari kom til baka úr barneignarleyfi. Guðrún Vala Elísdóttir kenndi einn áfanga í afleysingum nú á haustönn en það gerði einnig Hörður Ó. Helgason fyrrverandi skólameistari. Sigurbjörg Eðvarðsdóttir var ráðin frönskukennari í hálfstarf á þessari önn. Jóhanna Ólafsdóttir sem kennt hefur sérgreinar sjúkraliða lætur af störfum núna um áramót og Jóhanna Hálfðánsdóttir lét af störfum við skólann í nú í haust, við þökkum þeim fyrir þeirra störf. Marta Dögg Pálmadóttir er í leyfi skólaárið 2014 - 2015. Margrét Þorvaldsdóttir og Þuríður Elfa Jónsdóttir voru ráðnar til kennslu á starfsbraut. Guðrún Lind Gísladóttir fjármálastjóri fór í barneignarleyfi í nóvember og var Kári Haraldsson ráðinn í hennar stað.

Í byrjun þessarar annar tók Jónína Víglundsdóttir við starfi skólahjúkrunarfræðings. Hún er í 50% starfshlutfalli sem skólahjúkrunarfræðingur. Um er að ræða tilraunaverkefni til eins ár og er það unnið í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Vesturlands.

Í apríl á þessu ári voru kosningar nemendafélagsins. Þá var Þorsteinn Bjarki Pétursson kjörinn formaður og með honum í stjórn eru Bergþóra Ingbórsdóttir, Elínborg Egilsdóttir, Heiðmar Eyjólfsson og Sindri Snær Alfreðsson. Síðan bættist fulltrúi nýnema í hópinn í ágúst en það er Björn Ingi Bjarnason.

Adda Malín Vilhjálmisdóttir og Margrét Helga Isaksen voru kosnar stjórnendur Góðgerðafélagsins Eynis og einnig stjórnendur íþróttaklúbbs. Þorri Líndal Guðnason var kosinn



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

stjórnandi ljósmyndaklúbbs, Heiðmar Eyjólfsson, Helgi Sigurðsson og Sindri Snær Alfreðsson eru stjórnendur tónlistarklúbbs og viskuklúbbum stjórna þeir Elmar Gísli Gíslason og Magnús Gunnarsson.

Það má segja að skólastarf haustannar hafi verið með hefðbundnum hætti. Við byrjuðum á hefðbundnum nýnemadegi, ferð í Fannahlíð og Langasandssprelli.

Á afmæli skólans 12. september fengum við Sigríði Dögg Arnardóttur kynfræðing til að vera með fyrirlestur fyrir nemendur á sal.

Nokkuð var um ferðalög nemenda. Nemendur starfsbrautar fóru í útivistarferð í Skorradal þar sem gist var og farið í gönguferðir. Hópur nemenda fór í námsferð til Berlínar í október undir leiðsögn Kristínar Kötterheinrich þýskukennara. Þetta var nýr áfangi þar sem nemendur undirbjuggu ferðina, kynntu sér sögu og menningu borgarinnar og fóru síðan til Berlínar. Nemendurnir söfnuðu fyrir hluta ferðarinnar með ýmsum uppákomum, þau seldu meðal annars hafragraut á morgnana og héldu bingó.

Við tókum þátt í átakinu „Hjólum í skólann“ í september og urðum þar í öðru sæti.

West Side var haldið á Akranesi þetta árið en þar hittast nemendur úr framhaldsskólunum á Vesturlandi. West Side byrjaði á íþróttamóti síðan tók við spurningakeppni og dansleikur um kvöldið. Þess má geta að við unnum þetta mót í bráðabana.

Ýmislegt fleira gerðist á önninni; haldnir voru dansleikir, kaffihúsakvöld og fleiri samkomur nemenda. Á síðasta kaffihúsakvöldi nemendafélagsins var frumsýndur fyrsti þáttur af „Skutlunni“ sem er skemmtipáttur gerður af nemendum skólans. Skammhlaup fór fram í október en það er keppni þar sem öllum nemendum skólans er skipt í 8 lið sem keppa innbyrðis. Það voru að venju útskriftarnemar sem voru liðstjórar og stjórnðu þau sínu fólki af röggsemi. Það var bláa liðið sem vann nauman sigur í þetta skipti. Starfsbrautin hélt kaffihúsakvöld þar sem spilað var bingó auk þess sem gestir gátu keypt veitingar og hlýtt á afrakstur nemenda í tónlistarvali. Á næstsíðasta kennsludegi annarinnar var jólaþema þar sem nemendur og kennarar mættu í jólaþeysum, með jólasveinahúfur eða annað sem minnti á jólin.

Ég óska ykkur sem útskrifist frá skólanum til hamingju með þann áfanga sem þið hafið náð. Þið megið vera stolt af að hafa lokið námi við Fjölbrautaskóla Vesturlands og við sem hér störfum erum stolt af ykkur.

Dröfn Viðarsdóttir



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

Fylgiskjal 4 með ársskýrslu Fjölbrautaskóla Vesturlands 2014: Upplýsingar um skólann þ.e. „prófill“

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna: Fjölbrautaskóli Vesturlands er með um 480 nemendur og 70 starfsmenn í alls um 55 stöðugildum. Skólinn starfar í um 7.330 m² húsnæði auk rúmlega 1.250 m² heimavistar. Ársnemendur samkvæmt fjárlögum fyrir 2013 – 2014 eru 485. Á árinu 2014 skilaði skólinn 480 ársnemendum.

Námsframboð: Um miðjan október 2014 voru 575 nemendur í skólanum og voru það fimm nemendum fleiri en voru í skólanum haustönn 2013. Þeir skiptust á brautir sem hér segir:

| | | |
|--|-----|------------------|
| Almenn braut - fornám | AF | 15 = 3% |
| Almenn braut - heilbrigðisnám | AH | 1 = 0% |
| Almenn braut - undirbúningsnám | AU | 30 = 5% |
| Almenn braut - viðskiptanám | AV | 2 = 0% |
| Almennt nám alls | | 48 = 8% |
| Félagsfræðabraut | FÉ | 148 = 26% |
| Málabraut | MB | 20 = 3% |
| Náttúrufræðibraut | NÁ | 116 = 20% |
| Viðbótarnám til stúdentsprófs | VSS | 9 = 2% |
| Stúdentsnám alls | | 293 = 51% |
| Grunnnám rafiðna | GR | 37 = 7% |
| Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina | GBM | 13 = 2% |
| Námsbraut í rafvirkjun | RK8 | 12 = 2% |
| Almennt tækninám | AT | 13 = 2% |
| Námsbraut í húsasmíði | HÚ8 | 26 = 5% |
| Grunnnám málmíðna | MG | 48 = 8% |
| Námsbraut vélavirkjun | VS8 | 11 = 2% |
| Iðnnám alls | | 160 = 28% |
| Starfsbraut | ST4 | 17 = 3% |
| Starfsbraut alls | | 17 = 3% |
| Sjúkraliðabraut | SJ | 32 = 5% |
| Viðskiptabraut | VI | 4 = 1% |
| Ótilgreint nám | ÓTN | 21 = 4% |
| Aðrar brautir alls | | 57 = 10% |



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

Framkvæmd markmiða: Unnið var eftir skólasamningi undirrituðum þann 13. febrúar 2013. Skólinn var samstarfsaðili að Stóriðjuskóla Norðurlás og í upphafi hvefarr annar lá fyrir námsframboð og kennslufyrirkomulag eins og stefnt var að. Skólinn var og er þátttakandi í samráðsvettvangi og verkefnastjórn vegna *Tilraunaverkefnis um hækkað menntunartig í Norðvesturkjördæmi*. Boðið var upp á kennslu í vökvatækni á haustönn 2014 eftir undirbúningsvinnu annirnar á undan.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat: Við skólann fer fram heildstætt innra mat á öllum helstu þáttum skólastarfsins. Niðurstöður matsins birtast á vef skólans jafnóðum og þær liggja fyrir. Heildarskýrslu um innra mat á starfi skólans var síðast skilað til ráðuneytis í september 2014.

Úttektir: Engar úttektir voru gerðar á starfsemi skólans á árinu 2014.

Afkoma, rekstrarstaða: Halli var á rekstri skólans innan ársins 2014. Heildarupphæð greiddra launa var um 24 milljónum meiri en árið 2013. Aðrir liðir voru um 5 milljónir yfir áætlun þannig að samanlagt er heildarniðurstaðan um 26 milljónum frá rekstraráætlun.

Brottfall: Brottfall á vorönn 2014 var 6,0% og 4,4% á haustönn 2014.

Stjórnun: Að yfirstjórn skólans koma, auk skólameistara, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og fjármálastjóri.

Samvinna við aðra: Skólinn hefur samstarf og samráð við Fjölbrautaskóla Suðurlands, Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi. Hann tekur þátt í að starfrækja Stóriðjuskóla í samvinnu við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi og Norðurlál ehf. Skólinn hefur líka samvinnu og samráð við grunnskóla á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit og býður upp á kennslu í verklegum greinum fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans: Skólinn leggur áherslu á að koma til móts við þarfir allra íbúa svæðisins fyrir menntun á framhaldsskólastigi með því að bjóða fjölbreytt nám á mörgum brautum sem hæfir nemendum með misjafna getu, margvísleg áhugamál og ólíkar þarfir.